

aðrar fyrirhuguðu breytingar á kalli þessu fá framgang, einkanlega að Munkaþverársókn 3  
verði lögð til þess, hvort sem fremsti hluti Lögmannshlíðarsóknar fylgir þar með eða ekki. 18. jan.

— **Brjef landshöfðingja til póstmeistara um drátt á póstsendingum.** — Eptir að 4  
jég hefi meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra póstmeistari, um erindi, þar sem útgefandi 21. jan.  
blaðsins «Fróða» á Akureyri fer fram á, að fá 50 kr. í skaðabætur fyrir það, að skildir  
voru eptir á pósthúsinu á Akureyri í aprilmánuði í vor, er leið, sökum ófærðar, 24  
böggjar af prentuðu máli í krossbandi og 15 böggulsendingar, alls 37 pd. að þyngd, —  
vil jeg tjá yður það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir  
hlutaðeigöndum.

Í 13. gr. 3. a. auglýsingar um póstmál frá 3. maí 1872 er tekið fram, að  
flutningur böggulsendinga með hinum fyrsta pósti, eptir að þeim er skilað, sje kominn  
undir því, að þeim verði komið fyrir í póstinum, og með því að það er ljóst af skjöl-  
um málsins, að pósturinn í það sinni, er hjer ræðir um, varð ekki fluttur öðruvísi en  
með gangandi mönnum, og að þeir menn, er ráðnir voru til að bera póstin, gátu ekki  
flutt annað en brjefasendingar, virðist kærandi enga lagaástæðu hafa til að krefjast  
skaðabóta fyrir þær böggulsendingar, er eptir urðu af póstinum við hið nefnda tækifæri.  
Nokkuð öðru máli er að skipta um krossbandssendingar þær, er ekki komust með  
póstinum, því slíkar sendingar teljast samkvæmt 8. grein pósttilskipunarinnar frá 26.  
febr. 1872 með brjefasendingum, er senda skal skilmálalaust með fyrsta pósti; en með  
því hvorki 13. grein tilskipunar 26. febr. 1872 nje 22. grein auglýsingar 3. maí 1872  
inniheldur neina ákvörðun um skaðabótaábyrgð póststjórnarinnar á drætti þeim, er  
kynni að verða á að senda brjefasendingar, og með því að þjer, herra póstmeistari,  
hafið áminnt hlutaðeigandi póstafræiðslumann um, að skilja ekki eptirleiðis brjef-  
sendingar eptir, verð jeg að fela kærandanum sjálfum að fylgja fram skaðabótakröfu  
sinni.

### A u g l ý s i n g.

5

Samkvæmt 10. gr. C. 4. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883, dags. 4. nóvbr. 1881, 25. jan.  
skal af 20000 kr. styrk þeim, sem veittur er fyrir hvort árið um sig til eflingar búnaði,  
úthluta helmingnum til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda og að  
hálfu eptir samanlagðri tölu jarðahundraða og lausafjrhundraða; en hinum helmingi  
fjárins skal úthlutað eptir tillögum amtsráðanna að hálfu milli búnaðarfjelaga og  
búnaðarsjóða.

Árið 1882 koma því til úthlutunar eptir tillögum sýslunefnda þeirra og bæjar-  
stjórna, sem hlut eiga að máli, upphæðir þær, er senn skal greina, og hafa fasteignar-  
hundruðin, þá er upphæðir þessar voru reiknaðar út, verið talin samkvæmt jarðabók-  
inni 1861, lausafjrhundruðin samkvæmt skattreikningunum fyrir árið 1880 og fólks-  
fjöldinn eptir bráðabirgðayfirliti yfir manntalið 1. oktbr. 1880, sem samið var hjer á  
landi, áður en manntalsskýrslurnar voru sendar út. Upphæðin til hvers sýslu- eða  
bæjarfjelags um sig er sett svo, að á tug standi, en við úthlutunina 1883 mun verða  
til þess litið, að sljetta úr ójöfnuði þeim, sem þetta veldur hverju sýslu eða bæjar-  
fjelagi um sig: